

DRAUMUR RÆTIST

- Gunnhildur Hrólfsdóttir

Draumur Ólafs Sigurðssonar, fyrrum skipstjóra í Grindavík er loksins að rætast. Ólafur sem er borinn og barnfæddur Grindvíkingur; sjómaður og bóndi var skipstjóri mest alla sína sjómannstíð. Hann hefur verið virkur í félagsstörfum í Grindavík og ber heiðursmerki Sjómannafélagsins, U.M.F.G ofl. Ólafur var einn af stofnendum Minja og sögufélags Grindavíkur, er virkur félagsmaður og hefur lagt lið merkum málum svo sem varðveislu sjóbúðar og smíði á líkani af Kúttar Friðu. Einnig er hann einn af aðalvatamönnum hollvinasamtaka Reykjanesvita og hefur komið þar að verkefnum.

Draumur Ólafs var að stuðla að byggingu samskonar áskips og áskipsins Geirs frá Staðarhverfi í Grindavík en faðir Ólafs og móðurbróðir reru á svipuðum skipum. Geir, sem afhentur var Þjóðminjasafni til varðveislu, fuðraði upp í bátabrunanum mikla þann 23. apríl árið 1993 þegar geymsluhúsnæði Sjóminjasafnsins í Kópavogi, sem heyrði undir Þjóðminjasafni Íslands brann til kaldra kola. Geir hafði verið listilega gerður upp og áhugasamir aðilar úr Grindavík safnað búnaði, sjóklæðum og fleiru sem einnig var geymt í bátum. Var hann til sýnis á sjómannadaginn í Hafnarfirði árið 1991 eða 1992. Í brunanum mætti Geir örlögum sínum. Í húsinu voru geymdir 18 bátar og brunnu þeir allir. Var tjónið ómetanlegt.

Það sem Ólafur hefur nú áorkað er að afla styrkja til að fjármagna byggingu súðbyrðings með Grindavíkurlagi. Áskip Grindvíkinga voru jafnan teinæringar. Seglabúnaður þeirra var frábrugðinn búnaði skipa í öðrum sjávarplássum landsins. Stefni þeirra var sérstaklega lagað til að kljúfa brimölduna sem best, því eins og öllum er kunnugt er innsigling og lendingarskýrði við Grindavík oft erfiðleikum bundin.

Nú er þeim gleðilega áfanga náð að smíði skipsins er langt komin. Fer hún fram í Korngörðum í Reykjavík í húsnæði sem er í eigu Faxaflóahafna og stuðst við teikningar Þjóðminjasafns. Grindavíkurbær og útgerðarfélag þar í bæ eru helstu styrktaraðilar smíðinnar.

Það eru bátasmiðirnir Hafliði Aðalsteinsson og Einar Jóhann Lárusson ásamt Eggerti Björnssyni sem standa að byggingu skipsins. Byrðingur þess er úr finnskri furu, annars er efniviður íslenskt greni og lerkí. Lengdin er 11 metrar og breiddin 2,95 sm.

Menningararfur Grindvíkinga er samofinn sjósókn. Verður súðbyrðingurinn verðugur minnisvarði um upphaf sjósóknar í Grindavík auk þess að vera samfélagslegur ávinningur. Fellur gerð hans og byggingarlag að þeirri ímynd sem Suðurnes hafa markað í huga Íslendinga. Mun áskipið Geir vekja verðskuldaðan áhuga og efla marga þætti svo sem ferðapjónustu og vera tákmynd og auglýsing fyrir Grindavík. Sýning skipsins mun án efa ráða miklu um heimsóknir gesta á Reykjanes sem áhugaverðs áfangastaðar með það í huga að skoða minnisvarða um hofna lífshætti.




EVROPUSAMSTARF

- Sigurbjörg Árnadóttir

Síldarminjasafnið hefur frá árinu 2021 tekið þátt í Evrópusamstarfi um uppbyggingu Bruggsafns Tékkalands (National Museum of Brewing). Einn liður í verkefninu var þátttaka í íslensk-tékknesku málþingi um varðveislu fornra verkhefða, sem fram fór í bænum Ústí nad Orlicí í síðustu viku. Þær Anita Elefsen og Edda Björk Jónsdóttir fluttu báðar erindi á málþinginu, annars vegar um þátt Síldarminjasafnsins í varðveislu handverks við trébátasmiði og hins vegar um síldarsöltun – en hvoru tveggja er sinnt með mjög markvissum hætti á safninu.

Mikill áhugi var meðal þátttakenda á ráðstefnunni á starfsemi Síldarminjasafnsins og efnistöku fyrirlestra þeirra Anitu og Eddu. Fjölmíðlafólk á svæðinu sýndi ekki síður áhuga, en bæði sjónvarp og útvarp staðarins sendu fólk sitt til að taka við þær viðtöl. Það er Síldarminjasafninu bæði mikilvægt og dýrmætt að taka þátt í samstarfsverkefnum á alþjóðavettvangi – og skapa þannig tækifæri til að bæði læra af, og miðla með öðrum.



Fréttabréf

VITAFÉLAGIÐ

Íslensk strandmenning

1. tbl 2023

Ágæti lesandi.

„Hér er ekki til nein strandmenning og hefur aldrei verið.“ Hversu oft heyrðum við, sem stofnuðum Vitafélagið-Íslenska strandmenningu fyrir tuttugu árum, þessa setningu! Orðið strandmenning var reyndar ekki til í neinum orðabókum á þessum tíma. Þetta var og er ein þýðing á norræna orðinu kystkultur/kustkultur því grannar okkar vissu og vita vel hvað strandmenning er, kunna líka að vernda hana, virða og nýta til atvinnuuppbyggingar og nýsköpunar. Þetta var ástæða þess að félagið fékk ekki heitið Strandmenningarfélag Íslands eins og við höfðum haft í huga.

Félagið var formlega stofnað 26. apríl 2003. Á meðal stofnfélaga voru Fornleifavernd og Húsafriðunarnefnd, sem nú hafa verið sameinaðar í Minjastofnun Íslands, Siglingastofnun sem nú er hluti af Vegagerðinni, Síldarminjasafnið og Þjóðminjasafnið auk einstaklinga. Síðan hafa bæst við söfn og félög auk fjölda einstaklinga. Þó svo að okkur, sem stóðum að stofnun þessa félags, finnst oft lítið hafa þokast þá verður samt að viðurkennast að eitthvað hefur áunnist og ýmislegt hefur félagið gert til að svo sé. Það er eins og þjóðin sé smám saman að vakna af þyrnirósarsvefni og nú má sjá myndir af vitum landsins í auglýsingum sveitarfélaga og fyrirtækja á sviði ferðapjónustu og loks eru veittir styrkir til viðhalds og endurgerðar á bátum og til rannsókna á verbúðum.

En við eigum langt í land og brimskaflarnir eru margir og verða margir á meðan samstarf skortir. Á meðan grasrótin er varla virt viðlits og samstarf á milli ráðuneyta og ríkisstofnana er ekki til staðar, né á milli safna og grasrótar – þá er langt í land.

Eða hvernig má það vera að eitt ráðuneyti skrifi undir samning UNESCO um að setja handverk og hefðir við smíði súðbyrðings á lista yfir menningararfir mannkyns sem ekki mega glatast, og einungis fjórum mánuðum síðar rústi annar ráðherra þeim möguleika að viðhalda þessari menningararfleið með því að fella burt þá iðngrein að smíða slíka báta?

Við stendur landsins eru fyrstu spor íbúa landsins að finna – því þeir komu jú af hafi löngu fyrir tíma flugsamgangna. Í þessum menningarverðmætum er saga okkar fólgin og hana ber að virða og varðveita. Hana vilja ferðamennirnir upplifa og hana þarf að kenna komandi kynslóðum á Íslandi sér til fróðleiks og menningarauka. Menningararfleið sem er á lista hjá Menningarmálastofnun Sameinuðu þjóðanna (UNESCO) vekur ekki einungis forvitni ferðamanna sem sækja landið heim heldur líka áhuga annarra þjóða á sögu og menningararfleið viðkomandi lands. Án breiðs samstarfs verður þetta þó ekki gert. Það þarf samtal á milli stofnana, ráðuneyta, safna, sveitarstjórna og almennings – því það er almenningur þessa lands sem ber menningararfleiðina uppi. Menningararfurinn þarf meiri athygli, virðingu og það fjármagn sem honum ber til að hægt sé að viðhalda honum, vernda hann og nýta og miðla til komandi kynslóða. Öðruvísi verður ekki hægt að skapa traust og eyða því leiðinda bili sem er að finna á milli landsbyggðar og höfuðborgar og stétta á milli.

Verndum strandmenninguna með nýtingu og nýsköpun.

Sigurbjörg Árnadóttir

Vinsamlegast munið að greiða félagsgjöldin

BRÉF SENT TIL:**Áslaugar Örnú Sigurbjörnsdóttur, ráðherra háskóla, iðnaðar og nýsköpunar Lilju Alferðsdóttur, ráðherra menningar- og viðskipta Ásmundar Einars Daðasonar, ráðherra mennta- og barnamála**

27. febrúar 2023

Efni: Handverksþekking við smíði súðbyrtra báta, breytingar á reglugerð nr. 940/1999 um löggiltar iðngreinar, skuldbindingar samnings UNESCO um varðveislu óáþreifanlegs menningararfs frá 2003

Samantekt

Með breytingu á reglugerð nr. 940/1999 var löggilding iðnréttinda í bátasmíði lögð niður og ljóst að ekki verður boðið upp á sérstaka námsleið í bátasmíði við Tækniskólann. Íslenska ríkið er skuldbundið til að tryggja varðveislu á handverki við smíði súðbyrtra báta, sbr. samnorræna skráningu á handverkinu á lista UNESCO yfir óáþreifanlegan menningararf mannkyns. Varðveisla á handverki á sér fyrst og fremst stað í gegnum miðlun og kennslu og veitir opinbert skólakerfi ýmsan stuðning og hvata í því sambandi. Bregðast þarf við þessari alvarlegu stöðu sem upp er komin og tryggja varðveislu og miðlun á mikilvægri menningararfleið sem með viðeigandi stuðningi getur orðið uppspretta nýsköpunar og verðmætastöðvunar, m.a. í ferðamennsku.

Í desember 2021 var handverk við smíði súðbyrtra báta fært á skrá UNESCO yfir óáþreifanlegan menningararf mannkyns. Um var að ræða samnorræna tilnefningu sem öll Norðurlöndin, ásamt Álandseyjum og Færeyjum, stóðu að. Með skráningunni á listann er viðurkennt að í handverksþekkingunni við smíði súðbyrtra báta sem varðveist hefur á Norðurlöndum felst vitnisburður um mikilvæga menningararfleið sem borist hefur mann fram af manni, kynslóð fram að kynslóð, og gegnt mikilvægu hlutverki í sjósókn þeirra þjóða sem að tilnefningunni stóðu. Sjá nánar: <https://ich.unesco.org/en/RL/nordic-clinker-boat-traditions-01686>.

Tilnefningin var afrakstur umfangsmikils samstarfs fjölda strandmenningarfélaga á Norðurlöndunum. Á Íslandi hafði Vitafélagið – íslensk strandmenning veg og vanda að samstarfinu en að lokum voru það menningarmálaráðherrar allra ríkjanna sem sammæltust um tilnefninguna til UNESCO. Með tilnefningunni á skrá UNESCO hefur íslenska ríkið skuldbundið sig sérstaklega til að tryggja varðveislu á handverki við þessa bátasmíði.

Samningur UNESCO og skráning á skrá UNESCO um óáþreifanlegan menningararf mannkyns leggur þær skyldur á aðildarríki sín að tryggja varðveislu óáþreifanlegs menningararfs á sínu yfirráðsvæði. Varðveisla á óáþreifanlegum menningararf og lifandi menningararfleið getur verið með margvíslegum hætti en segja má að um þess háttar varðveislu gildi önnur lögmál en þegar efnislegir hlutir eru varðveittir. Með varðveislu á óáþreifanlegum menningararf skv. samningi UNESCO þar um er átt við ráðstafanir sem er ætlað að tryggja að arfleifðin lifi áfram, m.a. með því að greina hana, skrá, rannsaka, vernda, kynna, efla og miðla, einkum með formlegri og óformlegri fræðslu. Vaknar þá spurningin hvernig er lifandi menningararfleið varðveitt? Hvernig skal handverk við smíði súðbyrtra báta varðveitt? Margar leiðir eru færar í átt að því markmiði en í þessu sambandi verður þó að telja miðlun og kennslu afar mikilvægan hlekk, því hvernig getur handverksþekking varðveist ef enginn er til að miðla henni og kenna komandi kynslóðum?

Að viðhalda handverki og menningararfleið hefur sýnt sig að getur orðið áhugaverður grundvöllur ýmissar nýsköpunar, til að mynda í ferðaþjónustu. Nú nýverið var haldið málþing um hvernig súðbyrtir bátar hafa öðlast vinsældir sem aðdráttarfl fyrir ferðamenn í Noregi til siglinga, en með slíkri notkun bátanna verður handverkið að sjálfbærri atvinnugrein og smíði bátanna sjálfbær. Fleiri dæmi má nefna um hvernig opinber stuðningur við varðveislu handverks hefur skapað sjálfbæra atvinnugrein þar sem saman fara varðveisla á handverksþekkingu og sjálfbær rekstur, sjá nánar: <https://ich.unesco.org/en/BSP/oselvar-boat-reframing-a-traditional-learning-process-of-building-and-use-to-a-modern-context-01156>. Það gefur augaleið að ef handverksþekkingin við bátasmíðina glatast þá verður ekki tækifæri til að nýta slíka báta, hvort sem er í ferðaþjónustu eða öðru. Að auki verður erfiðara um vik og jafnvel ómögulegt að varðveita slíka báta til framtíðar, en þekkt er að bátar sem varðveittir eru á söfnum landsins þarfnast viðgerða og viðhalds, sem aftur krefst sérþekkingar tréskipasmíða.

Kennsla, miðlun og varðveisla á handverki gerist ekki sjálfkrafa. Um það þarf að skapa umgjörð sem opinberir aðila, m.a. skólakerfið, eru hluti af. Miðlun og kennsla á handverkinu við smíði súðbyrtra báta hér á landi hefur undanfarna áratugi helst farið fram annars vegar á vettvangi iðnnáms í bátasmíði sem kennd hefur verið við Tækniskólann (áður Iðnskólann í Reykjavík) og hins vegar á vegum Síldarminjasafns Íslands á Siglufirði.

Meðal markmiða Síldarminjasafns Íslands er að standa vörð um forna þekkingu á smíði opinna tréskipa á Íslandi og eru námskeið safnsins skipulögð í samræmi við samning safnsins við menningar- og viðskiptaráðuneytið (áður mennta- og menningarmálaráðuneytið). Námskeið sem þessi hafa verið haldin árlega frá árinu 2016 en að auki voru haldin námskeið á árunum 2009 – 2012 og má rekja upphaf þeirra til samstarfsverkefnis Síldarminjasafnsins við Bátaverndarmiðstöðina í Gratangen í Norður Noregi. Hafliði Aðalsteinsson tréskipasmíður hefur annast kennslu á námskeiðunum og kennt áhugasömum nemendum handverk við smíði og viðgerðir súðbyrtra báta á viku löngu námskeiði en sjálfur hefur Hafliði áratugareynslu af nýsmíði tréþáta sem og viðgerðum gamalla. Eins og gefur að skilja er svo stutt námskeið aðeins til þess fallið að kynna handverkið, auka vitund um það og þekkingu á því en getur ekki komið í stað fullburða iðnnáms í faginu. Alla jafna hafa námskeiðin verið bæði vel sótt og vel heppnuð. Nemendur fá tækifæri til að vinna með höndunum að viðgerðum súðbyrtra báta og fá með þeim hætti góða tilfinningu fyrir viðfangsefninu. Undanfarin ár hafa færri komist að en vilja en nemendafjöldi er takmarkaður við tíu þátttakendur til að tryggja öllum jafnt tækifæri til þátttöku og raunverulegrar vinnu á námskeiðinu. Sem dæmi má nefna að haustið 2022 var fjöldi áhugasamra þátttakenda á biðlista slíkur að hægt hefði verið að manna þrjú námskeið.

Um árabíl hefur bátasmíði verið kennd innan Tækniskólans (áður Iðnskólans í Reykjavík). Þó hefur ekki verið boðið upp á sérstaka námsbraut í því fagi og áhugasamir nemendur þurft að leita sérstaklega eftir því. Með breytingu á reglugerð nr. 940/1999 var löggilding iðnréttinda í bátasmíði lögð niður og ljóst að ekki verður boðið upp á sérstaka námsleið í bátasmíði við Tækniskólann. Í ljósi framangreindra skuldbindinga íslenska ríkisins í tengslum við samning UNESCO frá 2003 um varðveislu óáþreifanlegs menningararfs og skráningarinnar á smíði súðbyrtra báta á skrá UNESCO verður að telja að þessi niðurstaða sé óásættanleg. Íslenska ríkið hefur skuldbundið sig til að tryggja varðveislu á handverki við smíði súðbyrtra báta. Eins og að framangreinin er sú varðveisla fyrst og fremst tryggð með kennslu og miðlun á þekkingu, þannig að tryggt verði að handverkið berist til nýrra kynslóða bátasmíða og að þekkingin tapist ekki.

Í ljósi framangreinds teljum við nauðsynlegt að taka á þessu málefni sérstaklega þannig að tryggja megi að áhugasamt fólk geti áfram numið og lært handverk við smíði súðbyrtra báta og að söfnum landsins verði kleift að varðveita og viðhalda trébatum- og skipum í safnkosti sínum, án þess að þurfa að leita að einstaklingum með fagkunnáttu til handverksins út fyrir landsteinana. Það gefur auga leið að með því að bjóða upp á slíkt nám innan hefðbundins skólakerfis eru ýmsir hvarar fyrir fólk til að nema iðnina en má þar m.a. nefna löggilt iðnréttindi, rétt til námsláns o.s.frv. Eigi Síldarminjasafn Íslands á Siglufirði alfarið að bera ábyrgð á varðveislu handverksins fyrir hönd íslenska ríkisins þá þarf að gera ráð fyrir því í starfsemi safnsins og koma til móts við safnið svo það geti staðið undir því hlutverki með fullnægjandi hætti.

Með þessu bréfi viljum við hvetja ráðherra menningar- og viðskiptamála og ráðherra háskóla, iðnaðar og nýsköpunar að taka höndum saman og greiða úr þeirri stöðu sem nú er komin upp. Sameiginlegt markmið er að tryggja með formlegum hætti varðveislu á handverki við smíði súðbyrtra báta. Slík varðveisla ætti að vera keppikefli vegna þeirrar mikilvægu arfleifðar sem í handverkinu felst og UNESCO hefur viðurkennt.

Virðingarfyllst,

Anita Elefsensafnstjóri Síldarminjasafns Íslands á Siglufirði
anita@sild.is**Vilhelmína Jónsdóttir**verkefnisstjóri yfirlitsskrár um óáþreifanlegan menningararf á Íslandi, lifandihefdir.is
vilhelmjon@hi.is**Sigurbjörg Árnadóttir**formaður Vitafélagsins – íslensk strandmenning
sibba.arna@gmail.com**Helgi Máni Sigurðsson**Formaður SÍS – Sambands íslenskra sjóminjasafna
helgi.mani.sigurdsson@reykjavik.is



VITAFÉLAGIÐ

Íslensk ströndmenning

STIKLAÐ Á STÓRU Á 20 ÁRA FERLI

Vitafélagið – íslensk ströndmenning www.vitafelagid.is var stofnað árið 2003 sem frjáls félagasamtök og telur nú á þriðja hundrað félagi. Á meðal stofnfélaga má nefna Húsafríðunarnefnd, Fornleifavernd, Siglingastofnun og Sjóminjasöfn auk einstaklinga. Félagið hefur hefur haft það að meginmarkmiði sínu að efla vitund Íslendinga um þau miklu menningarverðmæti sem liggja í og við strendur landsins, aðstoða við uppbyggingu ströndmenningar, skapa tengsl og efla samstarf við frjáls félagasamtök á Norðurlöndum sem vinna að eflingu ströndmenningar. Ströndmenning er nýyrði sem Vitafélagið hefur kynnt og lagt áherslu á í allri sinni starfsemi.

1. Friðun vita. Í samvinnu við Húsafríðunarnefnd ríkisins stóð Vitafélagið -íslensk ströndmenning að fyrstu friðlýsingu íslenska vita sem fram fór við hátíðlega athöfn að viðstöddum ráðherra 1. desember 2003 í Gróttu. Friðlýstu vitarnir sjö eru: Arnarnesviti við Skutulsfjörð (byggður 1902 endurbyggður 1921), Bjargtangaviti (1913 endurbyggður 1923 og 1948), Dyrhólaey (1927), Garðskagaviti hinn eldri (1897), Hríseyjarviti (1920), Malarrífsviti (1946) og Reykjanesviti (1907). Með friðuninni er lögð áhersla á varðveislu þessara merku menningarverðmæta.

2. Mánaðarlegir fræðslufundir sem bera samheitið: Spegill fortíðar-silfur framtíðar. Yfir vetrarmánuðina er efnt til fræðslu- og skemmtifunda sem fyrstu árin voru í samstarfi við Sjóminjasafnið Víkina sem útvegaði húsnæði. Síðustu ár hafa ýmsir hagsmunaaðilar styrkt fundina. Á fræðslufundunum er ströndmenningin skoðuð frá ýmsum hliðum og má þar nefna yfirskriftirnar; Ströndmenning – auður og ógnir, Landhelgi Íslands, Konur og ströndmenning, Handverk og hefðir, Tónlist við sjávarsíðuna, Strandnytjar, Matarmenning, Staða ströndmenningar frá ólíkum sjónarhólum árið sem Ísland varð fullvalda ríki og svo framvegis. Á þessum fundum fjalla sérfróðir einstaklingar um viðfangsefnið. Fræðsluvöldin eru ætíð vel sótt og mæta á bilinu 65-180 manns á hvern þeirra. Fundirnir eru öllum opnir og aðgangur ókeypis.

3. Hafíð, fjaran og fólkíð - menningararfleifð, tækifæri og ógnir sjávarbyggða. Á hverju ári heldur Vitafélagið – íslensk ströndmenning vorþing í sjávarbyggðum landsins í samstarfi við heimamenn. Dagskrá hvers vorþings tekur mið af staðsetningu og sérkennum viðkomandi svæðis. Að skipulagningu koma sveitarfélög, stofnanir og einstaklingar. Vorþing með fyrirlestrum og fræðsludagskrá um íslenska ströndmenningu hafa m.a. verið haldin á Ísafirði, í Grindavík, á Húsavík, Neskaupstað, Akureyri, Akranesi, Vopnafirði, Patreksfirði og Þingeyri.

4. Norrænar ströndmenningarhátíðir. www.nordiskustkultur.com Formaður Íslenska vitafélagsins er hugmyndasmiður og upphafsmaður að norrænu ströndmenningarhátíðunum sem haldnar voru árlega frá 2011-2018. Fyrsta hátíðin var haldin undir heitinu Sail Húsavík, en síðan þá hefur yfirskriftin verið Nordisk kustkultur. Hátíðin 2012 var haldin í Ebeltoft í Danmörku, Karlskrona í Svíþjóð 2013, Oslo 2014, í Mariuhöfn á Álandseyjum 2015, í Vági í Færeyjum 2017 og á Siglufirði 2018. Hátíðirnar hafa vaxið og dafnað með hverju ári og eru allar norrænu þjóðirnar og sjálfstjórnarríkin nú virkir þátttakendur. Vitafélagið - íslensk ströndmenning hefur tekið mjög virkan þátt í þessum hátíðum og hafa yfir hundrað Íslendingar sótt hátíðirnar hverju sinni sem virkir þátttakendur á vegum félagsins. Nú undirbúa norrænu samtökin mikla ráðstefnu og námskeið um norræna súðbyrta báta sem haldið verður í Hróaskeldu og Holbæk, 21. – 22. september 2023.

5. Útgáfustarfsemi. Vitafélagið – íslensk ströndmenning gefur út fréttabréf tvisvar á ári þar sem sagt er frá því sem helst er á döfinni á hverjum tíma. Einnig hefur félagið gefið út fyrirlestra sem haldnir voru á hátíðinni Sail Húsavík og spil með myndum af ýmsum þáttum vita- og ströndmenningar á Íslandi.



6. Ráðstefnur: Vitafélagið-íslensk ströndmenning stóð fyrir norrænni ráðstefnu í Stykkishólmi árið 2006 undir heitinu **Vitar og ströndmenning á Norðurlöndum**. Ráðstefnan var haldin í samvinnu við norrænu vita- og ströndmenningarfélögin. Viðfangsefni ráðstefnu sem haldin var á Hótel Sögu árið 2007 var **Ströndmenning Íslands, staða hennar og framtíð**. Þar voru á dagskrá fjöldi áhugaverðra fyrirlestra sem tengdust ströndmenningu með einum eða öðrum hætti. Vitafélagið fékk til liðs við sig Ferðamálastofu, Ferðamálasamtök Íslands, Siglingastofnun, Þjóðminjasafn Íslands, Húsafríðunarnefnd, Fornleifavernd ríkisins og Samtök íslenskra sjóminjasafna. Félagið átti aðild að norrænni ráðstefnu um **Vita og ströndmenningu á Norðurlöndum sem haldin var á Álandseyjum í júní 2010**. Félagið var aðili að ráðstefnunni **Sjávar tengd ferðaþjónusta á norðurlöndum - auður hennar og ógnir** sem haldin var á Akureyri 2013 á vegum Stofnunar Vilhjálmss Stefánssonar.

7. Málþing um verndun og nýtingu trébáta var haldið í Sjóminjasafninu Víkinni 6. maí 2011 í samstarfi við Faxaflóahafnir og Samtök íslenskra sjóminjasafna. Í samvinnu við íbúa og aðstandendur í Garðinum var efnt til **Vita- og vísnahtíðar í Garðinum 2012**.

8. Bátasmiði. Haustið 2008 aðstoðaði Vitafélagið - íslensk ströndmenning við að koma á samstarfi á milli Síldarminjasafnsins á Siglufirði og Bátaverndarmiðstöðvar Norður-Noregs í Gratangen. Markmið verkefnisins var að endurvekja bátasmiði á Siglufirði, miðla þekkingu á milli landanna og læra handverkið. Tveir Siglufirðingar, Björn Jónsson trésmiður og Örlýgur Kristinnsson, safnstjóri dvöldu í Gratangen á nokkurra vikna námskeiði í bátasmiði. Ári síðar kom Björn Lillevoll bátasmiður til Siglufjarðar og í samvinnu við Skúla Thoroddsen trésmið Síldarminjasafnsins smíðuðu þeir bát með eýfirska laginu. Farið var í öllum aðalatriðum eftir "Bát Soffiu á Nesi" sem smíðaður var í Slippnum á Siglufirði 1934. Þessi leið er talin heppileg til að endurheimta skipulega forna þekkingu í hefðbundinni bátasmiði. Tveir menn að auki, Björn Jónsson og Sveinn Þorsteinsson, gamalreindir úr Slippnum, komu einnig að smíði bátsins.

9. Garðskagaviti

Félagið lét smíðaljóshús á gamla vitann á Garðskaga og var það sett upp í maí 2016. Vitinn er næstelsti viti landsins, byggður 1897 og er jafnframt næstelsta steinhús landsins, hannaður af danska verkfræðingnum Thorvald Krabbe sem var starfsmaður dönsku vitamálastofnunarinnar.

10. Ljósmál – heimildarkvikmynd um vita landsins

Heimildarkvikmyndin Ljósmál, sem fjallar um vita landsins og er 70 mín að lengd, var frumsýnd í Bíó Paradís 9. nóvember 2019 og sýnd á RÚV 2022. Handritshöfundur myndarinnar er Kristján Sveinsson, sagnfræðingur sem var einn af stjórnarmönnum Vitafélagsins. Kvikmyndagerðarmaðurinn Einar Þór Gunnlaugsson annaðist leikstjórn en Sigurbjörg Árnadóttir, formaður var aðal framleiðandi myndarinnar fyrir hönd Vitafélagsins, í samstarfi við RÚV og Kvikmyndamiðstöðina. Saga íslenska vitans er einstök, því vitinn rauf bæði einangrun þjóðarinnar og færði henni tæknilyftinguna.

11. Verkþekking við sjávarsíðuna – auður til arfs


Málþing haldin á Covid-tímanum frá október 2021 til október 2022 í samstarfi við heimamenn á Akureyri, Siglufirði, Flateyri, Vestmannaeyjum, Eskifirði og Stykkishólmi og í samvinnu við menningarráðuneytið.

12. UNESCO og smíði súðbyrðings

Norrænu ströndmenningarsamtökin/Nordisk kustkultur www.nordiskustkultur.com unnu að því að koma handverkinu við smíði súðbyrðing á lista UNESCO yfir óápreifanlegan menningararf heimsins (Intangible Cultural Heritage) og tóku Norðmenn að sér að stjórna því verki. Félag þeirra Kysten sem er systurfélag Vitafélagsins, hefur fimm stöðugildi auk blaðamanns og því var auðveldara fyrir þau en flest hinna félaganna að bæta þessu á sína könnu. Vitafélagið - íslensk ströndmenning vann hins vegar alla undirbúningsvinnu á Íslandi. Þann 30. mars 2020 var tilnefningin síðan afhent UNESCO í París, undirrituð af ráðherra menningarmála allra norrænu ríkjanna sem og sjálfstjórnarríkjanna, Færeyja og Álandseyja. Stutt heimildarmynd var send inn ásamt umsókninni.


Handverk og hefðir við smíði súðbyrðings var síðan formlega sett á lista UNESCO

14. desember 2021 og undirrituð fyrir Íslands hönd af Lilju Alfreðsdóttur, ráðherra menningarmál.



STRANDMENNING Á STRÖNDUM Á LANDNÁMSÖLD

- Lísbet Guðmundsdóttir, fornleifafræðingur



Löngum hefur verið talið að sjávarauðlindir og þá sérstaklega fiskveiðar hafi ekki verið mikilvægar fyrir íslenskan efnahag fyrr en á miðöldum þegar útflutningur á skreið hófst í stórum stíl. Nýting og verkun sjávarauðlinda var talin vera aukabúgrein, uppþót við hefðbundinn landbúnað. Hins vegar eru víða landsvæði, þá sérstaklega við sjávarsíðuna sem einkennast af fjallendi, hrjóstrugu landslagi og litlu undirlendi. Strandir eru prýðilegt dæmi um þetta, en hins vegar er landsvæðið ríkt af náttúrulegum auðlindum eins og fiski, sel, fuglum, hval og rekaviði.

Auðlindir sem hafa skipt sköpum fyrir lífsafkomu fyrstu landnema þessa lands, sérstaklega [á fyrstu áratugum landnáms] þegar bústofn var lítil. Sú tilgáta hefur fæðst á seinni tímum að Strandir og Vestfirðir hafi verið numin síðar en þau landsvæði sem henta best til hefðbundins landbúnaðar, en vert er að staldra við slíkar kenningar og sjá hvað hæft muni í.


Hins vegar hefur verið skortur á fornleifarannsóknum við sjávarsíðuna sérstaklega á minjum tengdum nýtingu og verkun sjávarauðlinda. Árið 2018 hófst rannsókn á Selströnd Ströndum á vegum Fornleifastofnunar Íslands, Háskólasafnsins í Bergen og ábúenda Bakkagerðis, Bergsveins Birgissonar og Björns Guðna Guðjónssonar.

Meginmarkmið rannsóknarinnar eru að gera ítarlega skráningu á minjum við sjávarsíðuna, afla upplýsinga um aldur og hlutverk þeirra sem og að afla upplýsingar um líf og lífsskilyrði þeirra sem þar bjuggu og störfuðu, en aldursávarðanir hafa bent á umsvif á svæðinu frá 9.–11. aldar. Til þessa hefur strandlengja tveggja bæjarstæða verið skráð. Þetta er annars vegar Bær á Selströnd og Bjarnarnes og má þar finna ógrynni minja sem tengjast sjósókn. Þótt minjarnar séu ekki allar samtíða þá komu í ljós fjórar litlar en afar ólíkar verstöðvar frá sama tímabili, þ.e. frá 9. og 10. öld. Sandvík, Bjarnarnes (heimatún), Búðarvogur og Hvítisandar.

Sandvík er syðsta rannsóknarsvæðið og samanstendur af þremur íveruhúsum sem notuð voru á árstíðabundnum grundvelli, nausti, öskuhaug og lýsisgryfju. Um 90% beinasafnsins eru fiskbein, aðallega þorskur en einnig ýsa og langa. Hlutfall fiskhousa er mun hærra en hlutfall hrygg- og sporðbeina. Bendir þetta til þess að í Sandvík hafi verið fiskverkun og fiskurinn síðar fluttur á brott, það er að hans var ekki verið neytt á staðnum. Bendir það til að í Sandvík hafi verið umframframleiðsla og þar af leiðandi staður fyrir sjávarnytjar. Þar fór einnig fram lýsisvinnsla, spik úr sel og hval var brætt í þar til gerðri gryfju.

Eins og gefur að skilja þá þarf að vinna ýmis afleidd verk sem tengjast ekki sjósókn beint. Til að mynda vitnaði snældusnúður um að var stundaður spuni í Sandvík, mögulega til þess að gera við klæði eða jafnvel segl. Þá eru þar ummerki um viðveru yfir vetur þar sem þar var að finna mannbrodda en einnig skart eins og glerperlu og klæðaprjóna. Einnig er vísbending um viðveru barna í Sandvík, í öskuhaugnum var barnstönn og ljóst er að þau voru ekki undanskilin er kom að vinnu á þessum tíma. Við teljum að búið hafi verið í Sandvík á árstíðabundnum grundvelli, en þó er ekki um hefðbundna verstöð að ræða. Frekar virðast minjar benda til sögu þar sem fjölskylduheild hefur dvalið hluta úr ári í Sandvík og mætti fremur líkja við viðveru í seli fremur en verstöð.

Á Hvítisöndum er mikill reki, og seinni tíma heimildir segja að rekaviði hafi verið safnað þar og hann unninn. Þetta kann að eiga sér lengri sögu, og mætti tengja því sem kallað er rekastöð, þ.e. þar sem





menn dvöldu árstíðabundið við vinnslu á reka áður en hann var fluttur til eigenda ítakanna. Árið 2022 voru tvær búiðir rannsakaðar sem voru þó afar ólíkar, önnur þeirra var ilöng með eldstæði fyrir miðju og umfangsmiklum stoðum, í raun eins og mjög lítil skáli en hin búiðin var nánast ferhyrnd, tvískipt með ofni við suðurvegg. Talið er að sú ilöng hafi verið verbúið sem hefur hýst allt að 6-8 manna áhöfn, en sú ferhyrnda kann að hafa hafa verið eldhús en þar hafa ekki dvalið fleiri en tvær manneskjur.

Þriðja búiðin er órannsókuð en er áþekkt ilöngu búiðinni í stærð og lögun. Því má ætla að þar hafi dvalið tvær áhafnir að jafnaði.

Greinilegt er þó að búiðirnar tengdust ekki eingöngu rekaviðarnýtingu þar sem í þeim fundust gripir eins og vaðsteinn, öngull, sill og bátasaurur auk hvalbeina. Þrátt fyrir að rekaviður kunni að hafa verið unninn á Hvítisöndum í gegnum tíðina þá hefur notkun verbúðanna tengst fjölbreyttri nýtingu sjávarauðlinda. Víða í kringum verbúðirnar má greina manngerðar gryfjur svo þar kann einnig að hafa farið fram lýsisbræðsla líkt og í Sandvík. Þá er lýsisbræðslan háð góðu aðgengi að eldiviði sem gnótt var af, og einnig má nefna að skammt utan við strandsvæðið eru s.k. Þorkelssker þar sem menn gengu í selalátur langt fram eftir 20.öld.

Verstöðin í Búðarvogi er ekki fullgráfin en er þó samtíða Sandvík og Hvítisöndum og einskorðast við þrjár búðartóftir og naust. Það sem vekur athygli er hversu mikið er af þessum litlu verstöðvum og þær virðast fara úr notkun tiltölulega snemma, líklegast á 11. eða 12. öld. Ef til vill tengist það samþjöppun í eignarhaldi auðlindanna þegar stórfelldur skreiðarútflytningur hófst. Litlar verstöðvar leggjast af en færri og stærri verstöðvar halda velli þar sem megináhersla er lögð á þorsveiðar. Af þessum athugunum má þann lærdóm draga að tilgátan um að slík sjávarnytjarsvæði hafi verið numin á eftir þeim sem henta betur til landbúnaðar stenst illa skoðun.



VERBÚÐALÍF Á HÖFNUM - Lísabet Guðmundsdóttir, Bryndís Zoëga & Lilja Laufey Davíðsdóttir

Hafnir eru nyrst á Skaga í Austur-Húnavatnssýslu. Þar eru að finna umfangsmiklar minjar við sjávarsíðuna, m.a. verbúðaþyrpingar og aðrar minjar tengdar nýtingu sjávarauðlinda. Þer þar helst að nefna verbúðir, naust, lendingar, uppsátur, þurrkreiti og öskuhauga sem bera vitni um viðverðu fólks á svæðinu og umfangsmikla útgerð.

Árið 2008 skráði Byggðasafn Skagfirðinga minjar í landi Hafna og leiddi sú skráning í ljós um 100 minjastaði meðfram strandlengjunni. Við skráninguna kom einnig í ljós að víða er mikið landbrot af völdum sjávar og minjarnar þar af leiðandi í mikilli hættu. Árið 2021 var Minjaverði Norðurlands vestra gert viðvart um aukið landbrot þar sem gripir og bein stungust út úr sjávarbakkannum við Rekavatnsós.

Í kjölfarið sóttu Fornleifastofnun Íslands og fornleifadeild Byggðasafns Skagafjarðar um styrk í Fornminjasjóð til frekari rannsókna. Markmið rannsóknarinnar var að meta umfang landbrots á Höfnum frá því jörðin var fyrst skráð; skrá og túlka minjar í rofi og afla upplýsinga um aldur þeirra. Árið 2022 hófu greinarhöfundar rannsókn á Höfnum en að auki fóru fram rannsóknir á smábýlum Rifri og Kaldrana. Umfangsmestu verbúðasvæðin eru Rifsbúðir, Piltabúðir, Kólkunes, Hjallanes og Rekavatnsós. Rof er mismikið á þessum svæðum en hvað verst á Piltabúðum. Þar eru allt að 60–70% af verbúðarhólunum horfnir og má hið sama segja um Hjallanes.

Til marks um umfang rofs má líta til þeirra minjas sem ekki finnast á Höfnum svo sem naust, hróf og uppsátur sem eru alla jafna við sjávarbakkann. Eingöngu tvö naust eru varðveitt á Höfnum, nánar tiltekið á Hjallanesi en þegar er farið að brotna af þeim. Þrátt fyrir að útlitið sé svart á Höfnum, líkt og víða annarsstaðar við sjávarsíðuna, sýnir grunnrannsókn sem þessi fram á hversu miklum upplýsingum er hægt að afla án mikils inngríps og kostnaðar. Leiddi rannsóknin í ljós að þær minjar sem sjást á yfirborði eru eingöngu brotabrot af þeim minjum sem enn eru varðveittar undir sverði. Sem dæmi má nefna í syðra sniðinu á Hjallanesi sást ein búð á yfirborði en undir sverði var hægt að greina sjö búðir.

Verbúðirnar á Höfnum voru af ýmsum toga, sumar voru niðurgrafnar með hellulögðu gólfi, aðrar voru hlaðnar úr torfi og grjóti og sumar eingöngu torfhlaðnar. Ekki er ljóst hvort breytingar verða á byggingargerð í tíma eða hvort hlutverk búðanna sé mismunandi. Stórrí verstöð fylgja mörg afleidd störf sem hafa þarf í huga þegar slíkir staðir eru rannsakaðir. Það þarf að fæða og klæða fólk, dytta að bátum, verka afla og koma honum í þar til gerð ílát svo hægt sé að flytja af vettvangi.

Á Höfnum var hægt að greina sérhæfingu á milli svæða, til að mynda á Hjallanesi var ógrynni hvalbeina, hvalbeinsspærir og hvalbeinsspærir. Bendir það til þess að þar hafi markvisst verið framleiddir gripir úr hvalbeinum. Ekki hefur framleiðslustaður á við þennan fundist á Norður-Atlantshafssvæðinu til þessa. Miðað við magn beina og hversu umfangsmikil framleiðslan hefur verið er ólíklegt að eingöngu hafi verið hægt að treysta á hvalreka, hvalveiðar kunna því að hafa verið stundaðar frá Höfnum samhliða öðrum veiðum. Við Rekavatnsós var hátt hlutfall af þynnum og öðrum gripum úr koparblöndu en slíkir gripir fundust hvergi annarsstaðar á svæðinu. Virðist málmbræðsla hafa verið stunduð við Rekavatnsós en á Skipahól var nær eingöngu fiskibein að finna svo þar var áherslan á þorskveiðar.



Umfangsmestu minjasvæðin eru að öllum líkindum frá miðöldum en einnig er að finna minjar undir gjóskunni frá 1104. Ef marka má þjóðsöguna af Þorbirni kólku má að öllum líkindum rekja sögu verstöðvarinnar á Höfnum til landnáms allt fram að lokum 19. aldar. Miðað við umfang svæðisins má ætla að á Höfnum hafi verið visir að þorpi þó eingöngu á árstíðabundnum grundvelli og þegar mest var er talið að þar hafi dvalið á bilinu 100–120 manns samtíða. Þrátt fyrir að sjósókn gæti verið lífshættuleg atvinnugrein og stunduð við krefjandi aðstæður má vel ímynda sér að á verstöðinni á Höfnum hafi verið líf og fjör eins og oft vill verða þegar margt atorkusamt fólk kemur saman.

Þrátt fyrir mikilvægi sjávarauðlinda hér á landi má segja að um sé að ræða óþægðan akur er kemur að fornleifarannsóknunum, sérstaklega hvað varðar landnámsöld og miðaldir. Hér er um að ræða samfélag fólks og lífshætti sem er nánast með öllu óþekkt í íslensku samhengi, þó síðari tíma heimildir um verbúðarlíf geti mögulega varpað nokkru ljósi á málið – en hér er þó um stærri og flóknari samfélagsmynd að ræða. Hitt er ljóst að hafa þarf hraðar hendur ef þessari sögu á ekki að skola út í sjó. Sjórinn heldur áfram að brjóta af minjunum og þar með hverfur í glatkistuna óendurkræfanleg þekking á lífi og lífskjörum fólksins sem þarna dvaldi.



ÖRSTUTT UM NORRÆNA SÚÐBYRÐINGINN

Við bjóðum til ráðstefnu um norræna súðbyrðinginn í kjölfar þess að hann var settur á lista UNESCO yfir menningararförir mannkyns í desember 2021

HOLBÆK OG ROSKILDE, 21. – 22. SEPTEMBER 2023

Skipuleggjendur: Kystliv Holbæk, Vikingeskibsmuseet, Han Herred Havbåde og Forbundet KYSTEN.
Markhópar: Bátasmiðir og aðrir arfberar, stjórnmálamenn, menntastofnanir, sjálfboðaliðar, félagsamtök og fleiri.
Nánari upplýsingar um dagskrá og skráningu verða birtar á heimasíðu félagsins sem og á Facebooksíðu þess.


Norræni stýrihópurinn um tilnefningu súðbyrðingsins starfar áfram og við munum halda áfram að vinna að góðu samstarfi um strandmenningu á Norðurlöndum og fylgja eftir skráningu súðbyrðingsins á lista UNESCO.

Forbundet KYSTEN ber ábyrgð á samhæfingu starfsins í ár en frá og með 2024 mun ábyrgðin á skipulagningunni vera eitt ár í senn hjá hverju landi.

Stýrihópurinn samanstendur af: Anders Bolmstedt (Föreningen allmogebåtar, SE), Astrid Olhagen (Ålands Skötbåtförening, AX), Fredrik Leijonhufvud (Skeppsholmen folkhögskola og Department of Conservation, Göteborgs Universitet, SE), Heini Hátún (Tjóðsavnið, FO), Kirsten "Pipsen" Monrad Hansen (Han Herred Havbåde, DK), Kristina Djurhuus Christiansen (Nasjonalmuseum, FO), Johanna Björkholm (KulturÖsterbotten, FI), Lars Leijon (Föreningen allmogebåtar, SE), Tove A. Hjellnes (Forbundet KYSTEN og Bjørkedal kystlag, NO), Tore Friis-Olsen (Forbundet KYSTEN, NO), Sami Uotila, Suomen puuveneilijät (Wooden boat Association, FI), Sigurbjörg Árnadóttir (Íslands fyrforening, IS), Søren Nielsen (Vikingeskibsmuseet, DK) og Ture Møller (Kystliv Holbæk, DK).

Frekari upplýsingar koma síðar. Þið getið fylgst með og sent okkur myndir og fréttir sem við getum deilt á norrænu facebook síðunni Facebookside eða til formanns Vitafélagsins – íslensk strandmenning sibba.arna@gmail.com





VITAFÉLAGIÐ

íslensk strandmenning

Aðalfundur Vitafélagsins verður haldinn

13. maí 2022

Sjóminjasafn Reykjavíkur, Grandagarði 8, Reykjavík
föstudaginn 13. maí klukkan 15:30

Dagskrá aðalfundar:

- Skýrsla formanns
- Reikningsuppgjör s.l. árs
- Lagabreytingar
- Kosning formanns, fjögurra aðalmanna í stjórn og tveggja varanna
- Kosning tveggja skoðunarmanna til eins árs
- Ákvörðun um félagsgjöld
- Önnur mál

SPIL



Unnið er að útgáfu spila með myndum af 52 vitum landsins. Allar myndirnar eru teknar af Veigu Grétarsdóttur sem stundum lenti í kröppum dansi við öldur Ægis þegar hún réri á kajaknum út í eyjar og sker með dróna og myndavélar.

Ein helsta fjáröflunarleið Vitafélagsins er sala á minjagripum sem tengjast strandmenningu landsins og mun ný útgáfa af spilum með frábærum myndum af vitum landsins efalaust gleðja væntanlega kaupendur.

Spilin verða tilvalin til að fræðast um víta landsins og góð gjöf til vina og vandamanna.



MARÍA JÚLÍA - Jóna Símonía Bjarnadóttir

Helstu þorskið Íslendinga eru á Halamiðum norðvestur af Vestfjörðum. Halamið eða Hali eru á brún landgrunns Íslands við enda Djúpáls sem liggur út frá Ísafjarðardjúpi. Þessi mið urðu mikilvæg eftir að Íslendingar hófu sjósókn á togurum eftir 1920. Þann

7. febrúar 1925 gerði þar aftakaveður svo tveir togarar fórust og með þeim 68 menn.

Það varð því snemma á síðustu öld baráttumál sjómanna, slysavarnarfólks og fleiri íbúa á Vestfjörðum að fá björgunarskip fyrir landshlutann. Má segja að fyrstu krónurnar sem söfnuðust til smíða á skipi því sem í fyllingu tímans hlaut nafnið María Júlía, hafi verið á Patreksfirði. Það var þegar sr. Einar Sturlaugsson hvatti til söfnunar á björgunarskútu fyrir Vestfirði í guðþjónustu í Patrekskirkju árið 1933. Þetta var upphafið en það var ekki fyrr en 17 árum síðar að draumur sr. Einars varð að veruleika.

Fleiri Vestfirðingar lögðu fram mikið fé til skipsins, en stærst var gjöf hjónanna Maríu Júlíu Gísladóttur og Guðmundar Br. Guðmundssonar kaupmanns á Ísafirði sem árið 1937 gáfu mestallar eigur sínar í björgunarsjóð. Það þótti því vel við hæfi þegar skipið var loks komið til landsins að nefna það eftir Maríu Júlíu.



María Júlía var byggð úr eik í Frederikssund í Danmörku árið 1950 og var björgunarskip á Vestfjörðum í nærri 20 ár. Hún er 137 brúttó smálestir að stærð og 27,5 metrar að lengd. Skipið var í þjónustu Landhelgisgæslunnar og var notað við björgun um 2.000 mannlífa.

María Júlía gegndi einnig mikilvægu hlutverki í fyrsta þorskastríðinu árin 1958 til 1961 sem varðbátur í baráttunni við Breta. Skipið gekk ekki hratt enda aðeins búið 425 hestafla díselvél. Í stefni þess var 47mm fallbyss. Í september 1958 mátti litlu muna að illa færi þegar breski tundurspillirinn Hogue stímdi að Maríu Júlíu en áhöfn hennar var þá að stöðva veiðar breska togarans Northern Foam. Áhöfn Maríu Júlíu reyndi að forða árekstri en tundurspillirinn sigldi á varðbátinn og laskaði svo að bakborðshliðin, þilfarið og björgunarbátur skemmdust.

María Júlía var eitt af fyrstu skipum íslenska ríkisins til að stunda hafrannsóknir á vegum Hafró, meðal annars við Færeyjar. Árið 1968 var skipið selt útgerðarmönnum og nýtt til fiskveiða á Patreks- og Tálknafirði til ársins 2003. Þegar hætt var að gera Maríu Júlíu út til fiskjar var hún enn vel haffær og í góðu ástandi.

Árin liðu og það var ekki fyrr en í lok ársins 2020 sem hreyfing komst á mál Maríu Júlíu BA 36 sem þá hafði legið grotnandi í Ísafjarðarhöfn í 16 ár. Stefndu sveitarfélög á Vestfjörðum og Norðurþingi að því að koma skipinu til Húsavíkur í slipp þar sem það yrði í einhver ár á meðan á enduruppbyggingu stæði. Skipinu yrði síðan siglt vestur en það er í eigu Bygðasafns Vestfjarða á Ísafirði og safnsins að Hnjóti á Patreksfirði. Skipið var orðið illa farið og lekt og vildi hafnarstjórn losna við það úr höfninni vegna ástands þess og óttast var að það sykki.

Það var svo loks eftir 20 ára baráttu sem varðskipið Þór dró hina frægu Maríu Júlíu frá Ísafirði í slipp á Akureyri. „María Júlía er eitt mikilvægasta skip til varðveislu sem við eigum,“ sagði Jón Sigurpálsson, talsmaður Hollvínasamtaka Maríu Júlíu. Það má þakka áratuga bárttu Jóns, fyrrum safnstjóra Bygðasafns Vestfjarða að loks var tekin sú ákvörðun að hverfa frá því að sökkva Maríu Júlíu en draga hana í slipp til viðgerðar. Eftir áralanga baráttu hefur loksins tekist að bjarga skipinu frá eyðileggingu.

Að morgni 28. mars s.l. kom varðskipið Þór með hið sögufrægt skip, Maríu Júlíu, í togi til Akureyrar. Ferðalagið hófst á Ísafirði þar sem þetta gamla skip hefur lengi legið við bryggju. Stefnt er að því að gera það upp, frumviðgerð fer fram í Slippnum á Akureyri en fleyið verður að því loknu dregið til Húsavíkur þar sem halda á áfram með verkefnið

